Strandlínubreytingar
Frá Kúðafljóti að Ingólfshöfða

Milli áranna 1904 og 2019



Jóhannes M. Jóhannesson

Sigurður Sigurðarson

Útgáfa A - Nóvember 2025

Útgáfa	Dagsetning	Endurskoðun	Útgefið af	Útgefið til
Útgáfa A	10.11.2025		JMJ, SS	

Upplýsingar um skýrslu			
Verkkaupi:	FARICE		
Verkefni:	Strandlínubreytingar frá Kúðafljóti að Ingólfshöfða		
Verkefnisnúmer.:			
Aðgengi:	☒Opið	☐ Dreifing háð samþykki verkkaupa	☐Lokað
Höfundar:	Jóhannes M. Jóhannesson og Sigurður Sigurðarson		
Tilvísun:			
Forsíðumynd	Óseyrar Skaftár árið 2015. Ljósmynd: Þórir Níels Kjartansson		

Helstu niðurstöður

Strandlínunni á milli Kúðafljóts og Ingólfshöfða var skipt niður í fjögur svæði, svæði 1 til 4, til að fá nánari sýn á strandlínubreytingar á milli áranna 1904 og 2019. Strandlínan gekk fram á öllum svæðunum að meðaltali yfir tímabilið, mismikið þó. Mest gekk strandlínan fram á svæði 1, en minna á svæðum 2 til 4. Mikið rof varð þó við flest snið einhvern tímann á rannsóknartímabilinu, en aðeins einn partur strandlengjunnar hopaði að meðaltali yfir rannsóknartímann, en það var austasti hluti svæðis 3 við árósa Núpsvatna og Gígjukvíslar. Nokkur stór jökulhlaup hafa orðið á milli 1904 og 2019, og sjá má áhrif tveggja þeirra á strandlínuna. Það eru jökulhlaupin vegna gosa í Kötlu 1918 og Gjálp 1996. Áhrifin eru þau að strandlínan gekk fram á árunum eftir gosin, á svæði 1 og hluta af svæði 2 eftir gosið í Kötlu og á svæðum 2, 3 og 4 eftir gosið í Gjálp.

Frekari athugun var gerð á stöðuleika strandlínunnar með tilliti til heildar tilfærslu strandlínunnar yfir tímabilið á hverju sniði, sem og heildar rofi og vexti. Svæði 2 er það stöðugasta af svæðunum fjórum, sérstaklega á milli sniða 42 til 50 og 20 til 30 (mynd 11). Þá hafa sniðin á svæði 2 vaxið minnst að meðaltali á milli áranna 1904 og 2017/2019, eða um 1,4 metra á ári að meðaltali. Svæðið sem snið 42 til 50 og 20 til 30 ná yfir er með vöxt upp á 0,6 og 0,7 metra yfir sama tímabil. Á svæðunum fjórum voru það þrjú snið sem sýndu mjög góðan stöðuleika á milli áranna 1907 og 2017, snið 56 á svæði 1, og snið 26 og 45 á svæði 2. Snið 26 er fyrir sunnan ósasvæði Eldvatns og snið 45 er fyrir norðan ósasvæðið. Strandlínan við bæði sniðin er í stefnuna suðvestur til norðaustur og er því í nokkru skjóli fyrir suðvestan öldu (Ingunn E Jónsdóttir og Bryndís Tryggvadóttir, 2023). Snið 45 er sá hluti strandlínunnar á rannsóknarsvæðinu sem hefur orðið fyrir minnstu tilfærslunni, 78 metra, og er því stöðugasti hluti strandarinnar. Heildar rof og vöxtur sniðsins er einnig lár, eða 174 og 203 metrar. Snið 26 er einnig nokkuð stöðugt yfir tímabilið, með tilfærslu upp á 126 metra, rof upp á 155 og vöxt upp á 210 metra. Snið 56 á svæði 1 hefur tiltölulega mikla tilfærslu, eða 227 metrum,. Það varð hins vegar ekki fyrir nema 12 metra rofi á tímabilinu, en óx um 227 metra. Tveimur sniðum á svæðum 3 og 4 var einnig lýst frekar, en þau eru ekki jafn stöðug og sniðin af svæði 1 og 2.



Mynd 1. Kortið sýnir svæði 2 ásamt sniðunum 87 sem þar voru sett upp, 0-punktum hvers sniðs og skurðpunktum sniðanna við strandlínur frá mismunandi árum. Gulu svæðin sýna staðsetningu sniða 53 til 55 (fyrir norðan), 45 til 47 (fyrir miðju) og 25 til 27 (syðst). Þá sést einnig staðsetning ánna þriggja innan svæði 2, Höfðakvísl, Eldvatn og Skaftá.

Inngangur


Markmið þessa verkefnis er að reikna út strandlínubreytingar fyrir strandlínuna frá Kúðafljóti og austur að Ingólfshöfða til að fá innsýn í stöðuleika strandarinnar á því svæði (mynd 1). Verkefnið er unnið að beiðni FARICE sem eru að leita að hentugum stað til landtöku á sæstreng við suðausturströndina.

Suðurströnd íslands er einnig einstök í heiminum af því leiti að hún hefur myndast vegna aðstæðna sem ekki eru algengar á jörðinni. Aðstæðurnar eru samspil jökla, jökuláa, jökulhlaupa og sjávar (Dag Numemedal o.fl., 1987). Það eru sérstaklega jökulhlaupin sem eru einstök á heimsmælikvarða, en stór hluti efnis sem hefur byggt upp strandlínu Suðurlands er tilkomið vegna þeirra. Suðurströnd Íslands er eitt orkumesta strandsvæði á jörðinni og er ölduálag á ströndina þar með því mesta sem verður hér við land (Dag Numemedal o.fl., 1987; Siglingastofnun, 2011). Nettó sandflutningar við suðurströnd Íslands eru til austurs (Sigurður Sigurðarson o.fl., 2020) og er ölduorkan úr suðvestri mun meiri en úr suðaustri (Sigurður Sigurðarson o.fl., 2018). Það geta þó komið ár og tímabil þar sem ríkjandi ölduátt er úr suðaustri, sem leiðir af sér nettó sandflutning til vesturs (Sigurður Sigurðarson og Kristján Helgason, 2010). Ströndin á rannsóknarsvæðinu er að mestu sandfjara, en stærri steina og grjót er að finna á stöku stað. Það er þó ekkert fast berg við ströndina á rannsóknarsvæðinu, en Ingólfshöfði er næsta fasta land austan við svæðið og Reynisfjall vestan við það. Þá eru margir ósar stórra jökuláa innan svæðisins og mótar hafaldan form þeirra og stýrir stefnu mynna þeirra.

Aðferðafræði

Til að reikna út breytingar á legu strandlínunnar voru nýttar strandlínur sem kortlagðar voru nýlega og spanna tímabilið 1904 til 2023 (Jónsdóttir og Sigurðarson, 2023). Þær strandlínur voru teiknaðar upp af gömlum kortum og loftmyndum og er til nokkuð reglulegar strandlínur yfir allt tímabilið, en eru yfirleitt tíðari þegar nær dregur samtímanum. Strandlínurnar koma m.a. frá ýmsum gervitunglamyndum, loftmyndum, Dönsku Herforingjaráðskortunum, AMS kortunum frá Bandaríska hernum, Atlas kortunum frá Landmælingum Íslands, og sjókortum. Þegar strandlínan var kortlögð út frá kortum með teiknuðum strandlínum þá var miðað við miðju þeirra línu, en af loft- og gervitunglamyndum var miðað við hæð síðustu öldu í fjörunni. Ekki var farið í að reikna út áhrif sjávarfalla eða áhlaðanda á sjávarstöðu á loft- og gervitunglamyndunum og gæti það valdið skekkju upp á nokkra metra á milli mynda. Þar sem breytingarnar á stöðu strandlínunnar eru yfirleitt upp á tugi eða hundruði metra, þá breytir skekkja upp á nokkra metra ekki lokaniðurstöðunum fyrir stöðuleika strandlínunnar.

Rannsóknarsvæðinu var skipt niður í fjögur undirsvæði og fór það eftir núverandi legu og stefnu strandarinnar hvar var skipt á milli svæðanna. Til að reikna út fjarlægðarbreytingar á strandlínunni voru snið sett upp með 200 metra millibili yfir allt rannsóknarsvæðið (mynd 1). Svæði 1 er með 89 snið og um 17,6 km að lengd, svæði 2 er með 87 snið og er um 17,2 km að lengd, svæði 3 er með 97 snið og er um 19,2 km að lengd, og svæði 4 er með 185 snið og er um.36,8 km að lengd. Hvert snið er með 0-punkt sem er inn í landi, og eru fjarlægðir frá honum og að strandlínunni hverju sinni reiknuð út. Við það fæst fjarlægð frá hverri strandlínu að 0-punkti og hægt að reikna út breytingar á strandlínunni út frá þeim fjarlægðartölum. Síðan er hægt að nota þau gögn til að reikna út meðaltalsbreytingar á strandlínunni yfir ákveðið tímabil og hverjar breytingarnar eru á hverju ári.



Mynd 2. Kortið sýnir strandlínuna á milli Kúðafljóts og Ingólfshöfða, ásamt þeim fjórum undirsvæðum sem strandlengjunni var skipt upp í. Þá má einnig sjá sniðin og punktana fyrir staðsetningu strandlínunnar á hverjum tíma.

Strandlínubreytingar


Mikið er um stórar jökulár á rannsóknarsvæðinu og eru óseyrar þeirra oft mjög óstöðugar og ná yfir stórt svæði við ströndina. Vegna þessa hafa oft orðið miklar breytingar á milli ára á litlu og afmörkuðu svæði við strandlengjuna. Þróun strandlengjunnar á hverju svæði er því oft mjög ólík og breytingarnar verið tugir eða jafnvel hundraði metrar á nokkrum árum. Til að reyna að minnka áhrifin af þessum stóru breytingum var hverju svæði skipt niður í minni hluta sem sýndu svipaða þróun frá elstu strandlínunni frá 1904.

Ströndin gekk fram á öllum svæðunum að meðaltali yfir rannsóknartímabilið, mismikið þó. Mest gekk strandlínan fram á svæði 1, en minna á svæðum 2 til 4. Mikið rof varð þó við flest snið einhvern tímann á rannsóknartímabilinu, en aðeins einn partur strandlengjunnar hopaði að meðaltali yfir rannsóknartímann, en það var austasti hluti svæðis 3 við árósa Núpsvatna og Gígjukvíslar. Þó má greinilega sjá að strandlínan á svæðum 1 og 2 hefur verið stöðugri hvað rof varðar, en þar hafa ekki átt sér stað mikið hop á strandlínunni yfir stuttan tíma eins og hefur gerst við svæði 3 og 4. Það má líklega rekja til óseyra jökulsánna á svæðum 3 og 4, en yfirleitt er strandlínan breytilegust á þeim svæðum. Þá gæti stefna strandlínunnar einnig átt hlut af því að hún sé stöðugri á sumum svæðum en öðrum, sem og mismunandi ölduálag við ströndina.


Nokkur stór jökulhlaup hafa orðið á milli 1904 og 2019, en yfirleitt eru of mörg ár á milli tveggja kortlagða strandlína til að sjá bein áhrif jökulhlaupa á þróun strandlínunnar, sérstaklega smærri jökulhlaupa. Áhrif tveggja jökulhlaupa má þó greina út frá þróun strandlínunnar, en það eru jökulhlaupin vegna eldgosa í Kötlu árið 1918 og í Gjálp árið 1996. Í tilviki Kötlu þá eru áhrifin langtímaáhrif á alla strandlínuna sem gekk fram víða fram til um 1950. Áhrif eru greinileg á svæði 1 og fram á mitt svæði 2, en eftir það verða áhrifin ógreinilegri ef einhver eru. Áhrifin af hlaupunum árið 1996 eru einnig þau að strandlínan gekk víða fram á árunum á eftir. Áhrifin sjást víða þar sem það eru til strandlínur frá 1995 og 1997 víða á svæðinu. Áhrifin ná yfir svæði 3 og 4, og mjög líklega á stærsta hluta svæðis 2, en þar sem nokkur snið urðu fyrir rofi á tímabilinu eru áhrifin ekki eins skýr.

Svæði 1 – Kúðafljót að austurenda Meðallandssands

Svæði 1 nær frá Kúðafljóti og austur að austurenda Meðallandssands (mynd 2). Óseyrar Kúðafljóts ná nokkuð langt austur á svæðinu, en eftir það eru engar ár fram að Höfðakvíslinni austan við svæðið, að fráskyldum affallsskurði af túnum í Meðallandi. Svæði 1 er með 89 snið sem var skipt upp í þrjá hluta, snið 1-27, snið 28-55 og snið 55-89, til að fá nákvæmari niðurstöður um strandlínubreytingar á svæðinu. Elsta strandlínan á svæði 1 er frá 1904 og sú yngsta frá 2017, en þá eru einnig til strandlínur frá 1928, 1934, 1950, 1980 og 2009. Það næst því ágætis dreifing fyrir tímabilið á svæði 1.



Mynd 3. Kortið sýnir svæði 1 ásamt sniðunum 89 sem þar voru sett upp, 0-punktum hvers sniðs og skurðpunktum sniðanna við strandlínur frá mismunandi árum. Svæðið nær frá Kúðafljóti í vestri til austurenda Meðallandssands í austri.



Mynd 4. Grafið sýnir fjarlægðarbreytingar á sniðunum 89 á svæði 1 frá 1904 til 2017. Litur línanna fer eftir því á hvaða parti hvert snið er innan svæðisins, sjá töflur 2-4.

Í viðauka 1 má sjá heildarbreytingarnar á legu strandlínunnar á milli áranna 1904 og 2017 fyrir hvert snið á svæði 1. Öll snið uxu fram á milli 1904 og 2017, en þó voru tímabil þar sem rof varð. Á mynd 3 og í töflu 1 má sjá meðaltalsbreytingarnar og breytingar á hverju ári á sniðunum 89 frá 1904 til 2017, sem og breytingunum á minni svæðunum. Þar má sjá að sniðin gengu fram að meðaltali um 347 metra á milli áranna 1904 og 2017, eða um 3,1 metra á ári að meðaltali. Þegar sniðunum er skipt niður í smærri einingar má sjá að framganga strandlínunnar er mest á vestari hluta svæðisins, á sniðum 1 til 27, en minnkar síðan þegar austar dregur.

Tafla 1. Taflan sýnir hversu mikið fjaran hefur hopað eða gengið fram fyrir sniðin. Fyrsti dálkurinn sýnir meðaltalið yfir tímabilið 1904 til 2017 fyrir öll 89 sniðin, en hinir fyrir hverjan part innan svæðisins. Í neðri línunni eru breytingarnar á strandlínunni á ári að meðaltali.

	1-89	1-27	28-55	56-89
1904-2017 (m)	347	507	366	205
per ár (m)	3,1	4,5	3,2	1,8

Á milli 1904 og 1928 varð rof á svo til allri strandlengjunni, en sú þróun snerist við á milli 1928 og 1934 og gekk strandlengjan þá fram að svipaðri staðsetningu og hún var árið 1904. Milli 1934 og 1950 heldur fjaran áfram að ganga fram og er stór hluti framgangs strandlínunnar frá 1904 til 2017 frá þessu tímabili. Þessi þróun er sú sama og á strandlínunni vestan við rannsóknarsvæðið, frá Reynisfjalli og austur að Kúðafljóti. Fyrir Kötlugosið 1918 var strandlínan að ganga til baka vegna rofs, en á árunum og áratugunum eftir jökulhlaupin sem fylgdu gosinu fór strandlínan að ganga fram. Strandlínan gekk fram til um 1950 víðast hvar, lengur þó t.d. við Vík, en eftir það fóru áhrifin af hlaupunum að dvína (Jóhannes M. Jóhannesson og Sigurður Sigurðarson, 2025; Alexandra Kallaur, 2025; Jóhannes M. Jóhannesson, 2025). Eftir 1950 fer þróun strandlínunnar á svæði 1 að vera meira frábrugðin á milli sniða, og vegna þessa er svæðinu skipt upp í þrjá hluta.

Snið 1 til 27 eru undir áhrif af óseyri Kúðafljóts og hafa vaxið hvað mest fram. Öll sniðin nema snið 3 urðu fyrir rofi á milli 1904 og 1928 og var meðal rofið upp á 94 metra eða 3,9 metra á ári. Eftir 1928 gengur strandlínan þar fram nánast stöðugt, en mesti vöxturinn er á milli 1934-1950 og 2009-2017. Nokkur snið urðu fyrir rofi eftir 1928, en það var yfirleitt nokkuð lítið rof eða mjög staðbundið. Hvert snið gekk því fram að meðaltali um 600 metra á frá 1928 til 2017, eða um 6,7 metra á ári (tafla 2). Í heildina gengu sniðin fram að meðaltali um 507 metra á árunum 1904 til 2017, eða um 4,5 metra á ári (tafla 1).

Snið 28 til 55 þróuðust á sama hátt og fyrstu 27 sniðin fram til 1950, en milli 1950 og 1980 var mun meira rof og gekk strandlínan aftur á þeim árum (tafla 3). Eftir 1980 hélt strandlínan áfram að ganga fram, en þó mun minna en á milli 1928 og 1950. Í heildina gengu sniðin fram að meðaltali um 366 metra á árunum 1904 til 2017, eða um 3,2 metra á ári (tafla 1).

Tafla 2 og 3. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 1-27	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1928	-94	-3,9
1928-2017	600	6,7

	Snið 28-55	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1928	-44	-1,8
1928-1950	323	14,7
1950-1980	-17	-0,6
1980-2017	104	2,8

Snið 55 til 89 urðu einnig fyrir rofi á milli 1904 og 1928, eða um 53 metra að meðaltali (tafla 4) en uxu síðan frá 1928 til 1980 um 257 metra að meðaltali. Milli 1980 og 2017 urðu síðan flest sniðanna bæði fyrir rofi og vexti, en í heildina gengu fram um 1 metra að meðaltali.

Tafla 4. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 56-89	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1928	-53	-2,2
1928-1980	257	4,9
1980-2017	1	0,02

Svæði 2 – Meðallandssandur austur að Skaftá


Svæði 2 nær frá Meðallandssandi og austur að Skaftá (mynd 4). Óseyri Skaftár er að hluta inni á austanverðu svæðinu og þá eru einnig óseyrar Eldvatns og Höfðakvíslar innan svæðisins, en eru mun minni. Svæði 2 er með 87 snið og var þeim skipt í fernt, snið 1 til 28, snið 29 til 51, snið 52 til 69 og snið 70 til 87, til að fá nákvæmari niðurstöður um strandlínubreytingar á svæðinu. Elsta strandlínan á svæði 2 er frá 1904 og sú yngsta frá 2017, en þá eru einnig til strandlínur frá 1928, 1932, 1934, 1950, 1980, 1995, 1997, 2003, 2009 og 2014. Það næst því nokkuð góð dreifing fyrir tímabilið á svæði 2.

Í viðauka 1 má sjá heildarbreytingarnar á legu strandlínunnar á milli áranna 1904 og 2017 fyrir hvert snið á svæði 2. Flest sniðanna gengu fram á milli 1904 og 2017, en snið 17-22 og 48 og 49 gengu ekki fram á tímabilinu, en önnur snið gengu fram um allt að 300 metra. Snið 17 til 22 eru þar sem óseyri Höfðakvíslarinnar er staðsett og snið 48 og 49 eru tvö af fjölmörgum sniðum sem eru við óseyrar Eldvatnsins.



Mynd 5. Kortið sýnir svæði 2 ásamt sniðunum 87 sem þar voru sett upp, 0-punktum hvers sniðs og skurðpunktum sniðanna við strandlínur frá mismunandi árum. Svæðið nær frá Höfðakvísl í vestri til Skaftár í austri.

Á mynd 5 og í töflu 5 má sjá meðaltalsbreytingarnar og breytingar á hverju ári á sniðunum 87 frá 1904 til 2017, sem og breytingunum á minni svæðunum. Þar má sjá að sniðin gengu fram að meðaltali um 158 metra á milli áranna 1904 og 2017, eða um 1,4 metra á ári að meðaltali. Þegar sniðunum er skipt niður í smærri einingar má sjá að framganga strandlínunnar er minni á suð-vestari hluta svæðisins, á sniðum 1 til 28 og 29 til 51, en eykst síðan þegar austar dregur. Austan við snið 51 er hluti af óseyri Skaftár og er því líklegt að tengja megi þróunina á strandlínunni við snið 81 til 87 við þróunina á því. Á svæði 2 fer þróun strandlínunnar að breytast miðað við svæði 1 og standlínuna frá Reynisfjalli að Kúðafljóti, og helst sú breyting á svæði 3 og 4. Breytingin er sú að rof átti sér ekki stað á strandlínunni fyrir 1932, heldur gekk hún víðast hvar fram. Þessi breyting á sér stað við snið 81, og er hugsanlega vegna áhrifa frá þeim stóru jökulám sem eru á austanverður svæði 2 og á svæðum 3 og 4.



Mynd 6. Grafið sýnir fjarlægðarbreytingar á sniðunum 87 á svæði 2 frá 1904 til 2017. Litur línanna fer eftir því á hvaða parti hvert snið er innan svæðisins, sjá töflur 6-9.

Tafla 5. Taflan sýnir hversu mikið fjaran hefur hopað eða gengið fram fyrir sniðin. Fyrsti dálkurinn sýnir meðaltalið yfir tímabilið 1904 til 2017 fyrir öll 87 sniðin, en hinir fyrir hverjan part innan svæðisins. Í neðri línunni eru breytingarnar á strandlínunni á ári að meðaltali.

	1-87	1-28	29-51	52-69	70-87
1904-2017 (m)	158	79	70	284	268
per ár (m)	1,4	0,7	0,6	2,5	2,4

Snið 1 til 28 ná yfir það svæði þar sem strandlínan fer að beygja meira í norðurátt og væri í raun hægt að skipta svæðinu upp enn frekar þar sem syðri hluti sniðanna gekk fram á milli 1904-2017 á meðan norður hlutinn gekk minna fram eða varð fyrir rofi. Þrátt fyrir það sýna sniðin svipaða þróun á milli ára og er það ástæðan fyrir því að þau eru í einum hópi. Þróunin á sniðunum má sjá í töflu 6, en þar má sjá að strandlínan gengur aftur og fram nánast til skiptis, en eftir 1995 er meiri óstöðuleiki milli sniða þótt að í heild gangi þau fram um 7 metra að meðaltali. Í heildina gengu sniðin fram að meðaltali um 79 metra á árunum 1904 til 2017, eða um 0,7 metra á ári (tafla 5).

Snið 29 til 51 ná yfir svæðið þar sem óseyri Eldvatnsins er í dag. Miklar sviptingar hafa orðið á svæðinu á milli 1904 til 2017 hvað legu strandarinnar varðar, en mikið er um stutt tímabil af breytingum og gengur ströndin fram eða hopar oft um tugi metra á þeim tímabilum. Í töflu 7 má sjá hversu mikið ströndin gengur fram eða hopar að meðaltali fyrir hvert tímabil, en þar sést m.a. að ströndin gekk fram 24,6 metra að meðaltali á ári á milli áranna 1932-1934, sem er með því mesta sem snið hafa gengið fram á ári á rannsóknarsvæðinu. Í heildina gengu sniðin fram að meðaltali um 70 metra á árunum 1904 til 2017, eða um 0,6 metra á ári (tafla 5).

Tafla 6 og 7. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 1-28	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1932	-50	-1,8
1932-1934	68	2,3
1934-1950	-63	-3,9
1950-1995	118	2,6
1995-2017	7	0,3

	Snið 29-51	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1928	10	0,4
1928-1932	-29	-7,2
1932-1934	49	24,6
1934-1950	-36	-2,2
1950-1980	13	0,4
1980-1995	-64	-4,3
1995-2014	71	3,7
2014-2017	-9	-2,9

Snið 52 til 69 ná yfir svæðið þar sem óseyrar Eldvatnsins og Skaftá mætast. Þessi hluti svæðis 2 er mun stöðugri en fyrri tveir hlutar svæðis 2 og sá fjórði, en frá 1904 til 2017 hafa komið tvö tímabil þar sem það var rof (tafla 8) og þrjú tímabil þar sem strandlínan gekk fram. Ólíkt sniðum 29 til 51, þá varð mikið rof á þessum sniðum milli 1932-1934, eða 34 metrar á ári að meðaltali. Í heildina gengu sniðin fram að meðaltali um 284 metra á árunum 1904 til 2017, eða um 2,5 metra á ári (tafla 5).

Tafla 8 og 9. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 52-69	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1932	92	3,3
1932-1934	-68	-34,0
1934-2009	226	3,0
2009-2014	-22	-4,5
2014-2017	56	18,7


	Snið 70-87	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1934	-48	-1,6
1934-2009	377	5,0
2009-2014	-97	-19,3
2014-2017	36	12,1

Snið 70 til 87 ná síðan yfir austari hluta óseyrar Skaftár og þau haga sér að mestu leyti eins og snið 52 til 69, nema að það er nánast óslitið rof á sniðunum á milli 1904 og 1934 upp á um 1,6 metra á ári að meðaltali. Á milli áranna 1934 til 2009 gengu síðan öll snið mikið fram, þótt að sum hafi orðið fyrir rofi inn á milli, og gekk snið 73 m.a. meira en 500 metra fram á því tímabili og öll sniðin meira en 300 metra. Gengu því sniðin um 5 metra fram á ári að meðaltali yfir tímabilið (tafla 9). Í heildina gengu sniðin fram að meðaltali um 268 metra á árunum 1904 til 2017, eða um 2,4 metra á ári (tafla 5).

Svæði 3 – Austurhluti óseyrar Skaftár að óseyri Gígjukvísl


Svæði 3 nær frá austurhluta óseyrar Skaftár og austur að óseyri Gígjukvíslar (mynd 6). Óseyrar Gljá og Núpsvatna er einnig innan svæðisins og verður öll strandlínan á svæðinu fyrir áhrifum vegna breytinga á óseyrum jökulsánna og urðu miklar sviptingar í staðsetningu strandlínunnar á tímabilinu. Svæði 3 er með 97 snið og var þeim skipt í fernt, snið 1 til 20, 21 til 42, 43 til 54 og 55 til 97, til að fá nákvæmari niðurstöður um strandlínubreytingar á svæðinu. Elsta strandlínan á svæði 3 er frá 1904 og sú yngsta frá 2017, en einnig eru til strandlínur frá 1917, 1928, 1934, 1950, 1980, 1995 og 1997. Það næst því nokkuð góð dreifing fyrir tímabilið á svæði 3.

Í viðauka 1 má sjá heildarbreytingarnar á legu strandlínunnar á milli áranna 1904 og 2017 fyrir hvert snið á svæði 3. Sniðin vestan við snið 55 gengu öll fram á tímabilinu um nokkuð hundruð metra, á meðan sniðin austan við snið 55 urðu fyrir rofi eða gengu lítið fram. Það eru snið 55 til 67 og 77 til 84 sem urðu fyrir rofi. Þessar breytingar má líklega rekja að nokkru leyti til breytinga á óseyrum jökulsánna á svæðinu.



Mynd 7. Kortið sýnir svæði 13 ásamt sniðunum 79 sem þar voru sett upp, 0-punktum hvers sniðs og skurðpunktum sniðanna við strandlínur frá mismunandi árum. Svæðið nær frá austurhluta Skaftár og austur að óseyrum Gígjukvíslar.

Á mynd 7 og í töflu 10 má sjá meðaltalsbreytingarnar og breytingar á hverju ári á sniðunum 97 frá 1904 til 2017, sem og breytingunum á minni svæðunum. Þar má sjá að í heildina gengu sniðin fram um 191 metra að meðaltali á milli áranna 1904 og 2017, eða um 1,7 metra á ári að meðaltali. Þegar sniðunum er skipt niður í smærri einingar má sjá að sniðin vestan við snið 55 gengu öll fram á tímabilinu um 2 til 3,8 metra á ári að meðaltali, en sniðin austan við 55 gengu til baka um 0,2 metra að meðaltali.



Mynd 8. Grafið sýnir fjarlægðarbreytingar á sniðunum 97 á svæði 3 frá 1904 til 2017. Litur línanna fer eftir því á hvaða parti hvert snið er innan svæðisins, sjá töflur 11-14.

Tafla 10. Taflan sýnir hversu mikið fjaran hefur hopað eða gengið fram fyrir sniðin. Fyrsti dálkurinn sýnir meðaltalið yfir tímabilið 1904 til 2017 fyrir öll 97 sniðin, en hinir fyrir hverjan part innan svæðisins. Í neðri línunni eru breytingarnar á strandlínunni á ári að meðaltali.

	1-87	1-20	21-42	43-54	55-97
1904-2017 (m)	191	371	430	228	-25
per ár (m)	1,7	3,3	3,8	2,0	-0,2

Snið 1 til 20 eru við óseyrar Skaftár og varð svæðið fyrir miklum sviptingum á staðsetningu strandlínunnar frá 1904 til 1934, en eftir það hafa breytingarnar verið minni (tafla 11). Mikið rof varð á milli 1904 og 1917 en eftir það gekk strandlínan mjög mikið fram, eða um 51 metra að meðaltali á ári og er það með því mesta sem snið hafa gengið fram á ári á rannsóknarsvæðinu. Eftir það tók við stutt tímabil rofs en síðan gekk strandlínan fram til 1997 en eftir það hefur hún orðið fyrir nokkru rofi.

Snið 21 til 42 eru við austurenda óseyra Skaftár og vesturhluta óseyra Gljáar og þróuðust sniðin nokkuð svipað og fyrstu 20 sniðin, nema að ekkert rof varð milli 1928 og 1934 heldur gekk strandlínan fram á milli 1917 og 1980 og síðan aftur eftir 1995 (tafla 12).

Tafla 11 og 12. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 1-20	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	-248	-19,0
1917-1928	557	50,7
1928-1934	-186	-31,1
1934-1997	296	4,7
1997-2017	-48	-2,4

	Snið 21-42	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	-185	-14,3
1917-1980	545	8,7
1980-1995	-44	-2,9
1995-2017	115	5,2

Snið 43 til 54 eru á milli óseyra Gljáar og Núpsvatna og var þróunin á hverju sniði nokkuð óregluleg og mismunandi, en mun minni breytingar á standlínunni en austan og vestan við sniðin. Milli 1904 og 1928 gengu sniðin fram um 155 metra að meðaltali, þrátt fyrir að sum þeirra hafi einnig orðið fyrir rofi (tafla 13). Eftir það tók við tímabil þar sem flest sniðanna urðu fyrir rofi, en eftir 1934 ganga þau öll fram, en mismikið þó.

Snið 55 til 97 ná frá óseyrum Núpsvatna og austur yfir óseyra Gígjukvíslar. Nánast öll sniðin gengu til baka yfir tímabilið, en mesta rofið varð á milli 1928 til 1934 þegar sniðin urðu fyrir um 741 metra rofi að meðaltali, eða 123 metrum á ári að meðaltali (tafla 14). Það er mesta rof sem hefur verið á ári á rannsóknarsvæðinu og hefur mikið gengið á á þessu tímabili. Eftir 1934 gekk standlínan fyrst fram en hopaði síðan aftur, en síðan 1995 hefur strandlínan gengið mikið fram og var farin að nálgast strandlínuna frá 1904.


Tafla 13 og 14. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 43-54	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1928	155	6,4
1928-1934	-94	-15,7
1934-2017	168	2,0

	Snið 55-97	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1928	143	5,9
1928-1934	-741	-123,4
1934-1950	160	10,0
1950-1995	-101	-2,2
1995-2017	515	23,4

Svæði 4 – Gígjukvísl austur að Ingólfshöfða


Svæði 4 nær frá Gígjukvísl og austur að Ingólfshöfða (mynd 8). Á svæðinu er einnig árnar Skeiðará, Skaftafellsá og Virkisá, ásamt fjölmörgum minni árfarvegum á Skeiðarársandi. Strandlínan á svæðinu er með nokkuð stöðuga stefnu í vestur til austurs og er því nokkuð frábrugðin fyrstu þremur svæðunum.



Mynd 9. Kortið sýnir svæði 1 ásamt sniðunum 185 sem þar voru sett upp, 0-punktum hvers sniðs og skurðpunktum sniðanna við strandlínur frá mismunandi árum. Svæðið frá Gígjukvísl í vestri og austur að Ingólfshöfða.

Svæði 4 er með 185 snið og var þeim skipt í sjö hluta, snið 1 til 17, 18 til 62, 63 til 79, 80 til 93, 94 til 100, 101 til 115, 116 til 169 og 170 til 185, til að fá nákvæmari niðurstöður um strandlínubreytingar á svæðinu. Elsta strandlínan á svæðinu er frá 1904 og sú yngsta frá 2019, en einnig eru til strandlínur frá 1917, 1928, 1934, 1950, 1995, 1997 og 2007. Strandlínan frá 1950 nær einungis yfir snið 1 til 100 og strandlínan frá 2007 nær yfir snið 1 til 169. Svæði 4 er eina svæðið sem er ekki með strandlínu frá 2017, og hafa ætti það í huga þegar svæðin fjögur eru borin saman.

Í viðauka 1 má sjá heildarbreytingarnar á legu strandlínunnar á milli áranna 1904 og 2019 fyrir hvert snið á svæði 4.



Mynd 10. Grafið sýnir fjarlægðarbreytingar á sniðunum 185 á svæði 4 frá 1904 til 2019. Litur línanna fer eftir því á hvaða parti hvert snið er innan svæðisins, sjá töflur 16-22.

Á mynd 9 og í töflu 15 má sjá meðaltalsbreytingarnar og breytingar á hverju ári á sniðunum 185 frá 1904 til 2019, sem og breytingunum á minni svæðunum. Þar má sjá að sniðin gengu fram að meðaltali um 246 metra á milli áranna 1904 og 2019, eða um 2,1 metra á ári að meðaltali. Þegar sniðunum er skipt niður í smærri einingar má sjá að framganga strandlínunnar er minnst um miðbik svæðisins, eða á sniðum 63 til 169, en meiri austan og vestan við þau. Það er nokkuð áhugavert þar sem óseyrar Skeiðarár, Skaftafellsár og Virkisár eru öll á svæðinu við snið 63 til 169.

Tafla 15. Taflan sýnir hversu mikið fjaran hefur hopað eða gengið fram fyrir sniðin. Fyrsti dálkurinn sýnir meðaltalið yfir tímabilið 1904 til 2019 fyrir öll 185 sniðin, en hinir fyrir hverjan part innan svæðisins. Í neðri línunni eru breytingarnar á strandlínunni á ári að meðaltali.

	1-185	1-17	18-62	63-79	80-93	94-100	101-115	116-169	170-185
1904-2019 (m)	246	332	340	177	207	153	147	206	264
per ár (m)	2,1	2,9	3,0	1,5	1,8	1,3	1,3	1,8	2,3

Snið 1 til 17 ná yfir austari hluta óseyrar Gígjukvíslar og það sem strandlínan er að beygja til austurs. Strandlínan þar hefur farið í gegnum töluverðar sviptingar en þó vaxið að jafnaði um 2,9 m að ári að meðaltali. Það hafa þó verið tímabil þar sem mikið rof hefur átt sér stað (tafla 16), sérstaklega á milli 1928 til 1934 og 1997 og 2007. Á móti þessum roftímabilum hafa verið þrjú tímabil þar sem fjaran hefur vaxið mjög hratt, sérstaklega á milli 1995 til 1997, en þá gekk strandlínan fram um 158 metra á ári að meðaltali. Líkur eru á því að þessi mikli vöxtur á milli 1995 og 1997 stafi af jökulhlaupum sem komu m.a. í Gígjukvísl, vegna gossins í Gjálp. Hámarks rennsli varð 40.000 til 50.000 m^3s^{-1} og ollu hlaupin m.a. miklum breytingum á farvegum áa á svæðinu (Óskar Kundsen o.fl., 2001). Ef litið er til austurhluta óseyrar Gígjukvíslar, sem eru snið 55-95 á svæði 3, þá má sjá svipaða þróun eftir 1995. Þar sem ekki er til strandlína fyrir 1997 þar, er því ekki hægt að slá því föstu að sá vöxtur sem þar varð milli 1995 og 2017 sé vegna hlaupanna í Gígjukvísl, en er þó líklegt.

Snið 18 til 62 ná yfir strandlínuna við Skeiðarársand þar sem einungis er að finna minni ósa af þeim litlu ám sem myndast á sandinum. Þar hefur strandlínan verið mun stöðugri en fyrstu sniðin og minna um stórvægilegar breytingar (tafla 17). Sniðin hafa þó vaxið svipað og þau fyrstu 17, eða um 340 metra að meðaltali yfir tímabilið eða 3 metra á ári að meðaltali (tafla 15).

Tafla 16 og 17. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 1-17	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1928	57	2,4
1928-1934	-265	-44,1
1934-1950	263	16,5
1950-1995	-59	-1,3
1995-1997	315	157,6
1997-2007	-147	-14,7
2007-2019	167	13,9

	Snið 18-62	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	135	10,4
1917-1928	-132	-12,0
1928-1950	209	9,5
1950-1995	-68	-1,5
1995-2019	196	8,2

Snið 63 til 79 ná einnig yfir strandlínuna við Skeiðarársand, en austast á því er óseyri Skeiðarár. Sniðin hafa gengið minna fram en fyrstu tveir hlutar svæðis 4, eða um 177 metra og 1,5 metra á ári að meðaltali. Sviptingar í stöðu strandlínunnar eru einnig meiri á þessu hluta en á sniðum 18 til 62, sérstaklega á milli 1917 til 1934, en þá gekk strandlínan fyrst mikið til baka og óx síðan svipað fram eftir það. Nú nýlega hefur strandlínan orðið fyrir nokkru rofi, en þó ekki miklu og er vaxandi yfir allt svæðið á milli 1904 og 2019 (tafla 18).

Snið 80 til 93 nær yfir vesturhluta óseyrar Skeiðarár. Sniðin gengu fram um 207 metra að meðaltali á milli 1904 og 2019, eða um 1,8 metra að meðaltali á ári. Þetta svæði var nokkuð stöðugra en svæðið á undan, en nokkuð miklar breytingar urðu á milli 1917 og 1928 annars vegar og 2007 og 2019 hins vegar (tafla 19). Á fyrra tímabilinu varð rof við strandlínuna upp á 21 metra á ári að meðaltali og á því síðara var rof upp á um 17 metra á ári að meðaltali. Þrátt fyrir þetta hraða rof, þá gekk strandlínan fram vegna tímabilsins á milli 1928 til 2007, en þá gekk strandlínan fram um 6 metra á ári að meðaltali.

Tafla 18 og 19. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 63-79	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	186	14,3
1917-1928	-266	-24,2
1928-1934	160	26,6
1934-1995	-115	-1,9
1995-2007	241	20,1
2007-2019	-29	-2,4

	Snið 80-93	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	161	12,4
1917-1928	-231	-21,0
1928-2007	486	6,1
2007-2019	-209	-17,4

Snið 94 til 100 er stutt svæði sem nær yfir miðhluta óseyra Skeiðarár. Þessi snið þróuðust svipað og snið 80 til 93, nema að á milli 1934 til 1950 varð rof við strandlínuna sem ekki átti sér stað á hinum. Annars er þróunin sú sama og þá höfðu sniðin einnig langt tímabil þar sem strandlínan gekk fram, eða á milli 1950 og 2007 (tafla 20).

Snið 101 til 115 er annað stutt svæði og nær yfir austurhluta óseyra Skeiðarár, þar sem Skeiðará mætir Skaftafellsá. Þróunin á þessum sniðum var sú sama og á sniðum 80 til 93, nema að rofið á milli 2007 og 2019 var aðeins meira að meðaltali (tafla 21).

Tafla 20 og 21. Töflurnar sýna meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	Snið 94-100	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	202	15,5
1917-1928	-286	-26,0
1928-1934	201	33,5
1934-1950	-104	-6,5
1950-2007	236	4,1
2007-2019	-96	-8,0

	101-115	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	158	12,2
1917-1928	-232	-21,1
1928-2007	334	4,2
2007-2019	-113	-9,4

Snið 116 til 185 ná frá vestari hluta óseyra Skaftafellsár og austur að Ingólfshöfða. Á þessu svæði hefur strandlínan sýnt mjög svipaða þróun þrátt fyrir að tveir stórir ósar séu innan þess. Strandlínan á þessum hluta ók fram á milli 1904 og 1917 eins og aðrir hlutar strandlínunnar á svæði 4, en eftir það tók við tímabil rofs fram til 1928 (tafla 22). Eftir það hefur strandlínan færst út á við nokkuð stöðugt og endar með að hafa vaxið um 2,3 metra á ári að meðaltali á milli 1904 og 2019.

Tafla 22. Taflan sýnir meðaltalsbreytingar sniða fyrir hvert tímabil af strandlínubreytingum ásamt meðaltalsbreytingum á ári.

	116-185	
	meðaltal (m)	per ár (m)
1904-1917	135	10,4
1917-1928	-241	-21,9
1928-2019	325	3,6

Stöðuleiki strandarinnar

Til að meta hvar best væri að landtaka á sæstreng innan rannsóknarsvæðisins, þarf að meta stöðuleika strandarinnar út frá því hvaða snið hefur verið með sem minnsta hreyfanleika, þ.e. hefur orðið fyrir sem minnstu rofi og vexti yfir tímabilið. Til að meta það var tekið saman heildar rof sem öll snið urðu fyrir, heildar vöxt sniðanna og heildar tilfærslu hvers sniðs. Heildar tilfærsla á sniði er fjarlægðin frá þeim tveimur punktum sem er næst og fjærst 0-punkti hvers sniðs. Þau snið með minnsta rofið, vöxt og tilfærslu á hverju svæði voru síðan skoðuð nánar, ásamt næstu tveimur sniðum sem sýndu minnstar breytingar. Í viðauka tvö er síðan að finna töflur sem sýna heildar rof, heildar vöxt og heildar tilfærslu allra sniðanna á rannsóknarsvæðinu.

Svæði 1 – Kúðafljót að austurenda Meðallandssands

Á svæði 1 eru það snið 55 til 57 sem hafa verið þau stöðugustu á milli áranna 1904 og 2017 (mynd 10), en strandlínan á milli sniða 53 til 81 er stöðugasti hluti svæðis 1. Heildar tilfærsla á sniðum á svæði eitt er á bilinu 200 til um 950 metrar, og munar því miklu á sniðunum, en á milli sniða 53 til 81 er tilfærslan um 200-300 metrar frá 1904 til 2017. Snið 56 er það snið sem varð fyrir minnsta rofi, minnsta vexti og hefur verið stöðugasta sniðið hvað varðar tilfærslu á tímabilinu á svæði 1. Sniðið hefur aðeins orðið fyrir 12 metra rofi á tímabilinu og aðeins vaxið um 233 metra (tafla 23). Heildar tilfærsla á sniðinu er 227 metrar. Ef ekki væri fyrri vöxtinn eftir 1934 vegna Kötluhlaupsins, þá væri heildartilfærslan hugsanlega aðeins í kringum 50 metrar. Snið 55 og 57 hafa einnig verið stöðug, en haft aðeins meira af rofi og vöxt yfir tímabilið. Snið 55 er með 33 metra rof yfir tímabilið, vöxt upp á


287 metra og tilfærslu upp á 254 metra, á meðan snið 57 er með 68 metra rof, 237 metra vöxt og 237 metra tilfærslu (tafla 24).

Ókosturinn við snið 55 til 57 er hins vegar það að svæðið er nokkuð nálægt ós Kúðafljóts, þó utan nánasta áhrifasvæði þess, og svæðið er nokkuð berskjaldað gegn ölduálagi úr bæði suðvestri og suðaustri (Ingunn E. Jónsdóttir og Bryndís Tryggvadóttir, 2023). Þá er einnig ókostur fyrir svæðið að líklegt er að strandlínan muni ganga fram næst þegar það gýs í Kötlu, svipað og eftir gosið 1918.

Tafla 23 og 24. Töflurnar sýna rof, vöxt og tilfærslu sniða (tafla til vinstri) ásamt breytingum milli ára á strandlínunni í metrum við sniðin (tafla til hægri).

snið	rof (m)	vöxtur (m)	tilfærsla (m)
57	-68	237	237
56	-12	233	227
55	-33	287	254


Snið	55	56	57
1904-1928	16,3	-6,8	-23,4
1928-1934	-5,8	20,7	21,1
1934-1950	191,5	177,9	163,0
1950-1980	27,1	17,0	36,5
1980-2009	-27,3	-5,2	16,0
2009-2017	52,2	17,0	-44,5



Mynd 11. Kortið sýnir svæði 1 ásamt sniðunum 89 sem þar voru sett upp, 0-punktum hvers sniðs og skurðpunktum sniðanna við strandlínur frá mismunandi árum. Gula svæðið sýnir staðsetningu snið 55 til 57.

Svæði 2 – Meðallandssandur austur að Skaftá

Svæði 2 er mun stöðugra en hin svæðin þrjú þegar kemur að heildartilfærslu sniða á milli 1904 og 2017, eða á bilinu 73 til 500 metrar. Á milli sniða 42 og 50 er heildar tilfærslan innan við 150 metrar á sniðunum og á milli sniða 20 til 30 er það innan við 220 metrar. Það eru það tvö snið sem eru hvað stöðugust á svæði 2, snið 45 og snið 26 (mynd 11) og þá er snið 54 einnig tekið fyrir.



Mynd 12. Kortið sýnir svæði 2 ásamt sniðunum 87 sem þar voru sett upp, 0-punktum hvers sniðs og skurðpunktum sniðanna við strandlínur frá mismunandi árum. Gulu svæðin sýna staðsetningu sniða 53 til 55 (fyrir norðan), 45 til 47 (fyrir miðju) og 25 til 27 (syðst). Þá sést einnig staðsetning ánna þriggja innan svæði 2, Höfðakvísl, Eldvatn og Skaftá.


Snið 45, ásamt sniðum 46 og 47, var valið vegna þess að það hefur minnstu tilfærslu allra sniða á rannsóknarsvæðinu, eða einungis 73 metra (tafla 25). Sniðið varð fyrir heildarrofi upp á 129 metra og vöxt upp á 196 metra, en þar sem rofið og vöxturinn hefur dreifst nokkuð jafnt yfir tímabilið á milli 1904 og 2017, er tilfærslan á sniðinu í lágmarki. Snið 46 og 47 hafa einnig verið mjög stöðug og hafa svipaða þróun og snið 45 (tafla 26). Þá er staðsetning sniðanna ákjósanleg, þar sem það er nægjanlega sunnarlega til að vera langt frá ósum Skaftár, en nægjanlega norðarlega til að vera í nokkru vari fyrir suðvestan öldunni (Ingunn E. Jónsdóttir og Bryndís Tryggvadóttir, 2023; sjá kort í viðauka 3).

Tafla 25 og 26. Töflurnar sýna rof, vöxt og tilfærslu sniða (tafla til vinstri) ásamt breytingum milli ára á strandlínunni í metrum við sniðin (tafla til hægri).

snið	rof (m)	vöxtur (m)	tilfærsla (m)
47	-174	203	78
46	-199	252	88
45	-129	196	73

Snið	45	46	47
1904-1928	35,4	45,9	33,0
1928-1932	-33,6	-37,1	-46,8
1932-1934	48,2	51,6	53,9
1934-1950	-55,2	-51,3	-60,1
1950-1980	9,4	2,1	-5,8
1980-1995	42,9	77,0	43,0
1995-1997	3,2	-30,3	29,2
1997-2003	-39,4	-51,3	-37,9
2003-2009	47,3	65,3	20,7
2009-2014	9,8	10,5	23,1
2014-2017	-0,6	-28,9	-23,7

Ókosturinn við staðsetningu sniðsins er nálægðin við ós Eldvatns, en ósinn virðist þó hafa verið stöðugur á tímabilinu. Það er vert að nefna það að nokkrar breytingar hafa orðið á vatnasviði Eldvatns á undanförnum áratugum, en svo virðist sem síendurtekin Skaftárhlaup séu smátt og smátt að fylla upp í hraunið við Árkvíslar og hefur því verulega dregið úr magni vatns í Eldvatni. Það eru umræður nú í gangi um hvort það eigi að moka úr hrauninu við Árkvísla til að bæta vatnsflæði, og gæti vatnsmagn því aukist aftur í Eldvötnum í framtíðinni og hugsanlega haft einhver áhrif á óseyrarnar.




Mynd 13. Kortið sýnir staðsetningu sniða 45 til 47 og 53 til 55 á svæði 2. Sjá má hluta af ós Eldvatnsins sem sniðin eru við.

Snið 26, ásamt sniðum 25 og 27, var valið bæði vegna þess að það hefur litla tilfærslu, orðið fyrir svipuðu rofi og vexti á tímabilinu, og vegna góðrar staðsetningar. Tilfærslan á sniði 26 er 126 metrar frá 1904 til 2017, rofið 155 metrar og vöxturinn 210 (tafla 27). Sniðin þrjú hafa ekki orðið fyrir tímabilum með miklu rofi, fyrir utan tímabilið milli 1934 til 1950, en eftir það hefur rofið ekki verið mikið (tafla 28). Sniðin gengu síðan mikið fram á milli áranna 1995 til 2003, og er hugsanlegt að hlaupin vegna gossins í Gjálp 1996 séu ástæða þess. Þar sem það var rof á sumum sniðum á svæði 2, t.d. á sniði 46, þá gætu aðrir atburðir verið orsök þess. Eftir það hefur síðan verið nokkuð um rof, sérstaklega við snið 25, og er það ókostur. Staðsetning sniðanna er mjög ákjósanleg (mynd 13), en sniðin eru fyrir norðan Eldvatn og er Höfðakvíslin næsta á við svæðið, en óseyri Höfðakvíslarinnar er lítil og virðist ekki hafa mikil áhrif á þróun strandlínunnar á svæðinu.

Tafla 27 og 28. Töflurnar sýna rof, vöxt og tilfærslu sniða (tafla til vinstri) ásamt breytingum milli ára á strandlínunni í metrum við sniðin (tafla til hægri).

snið	rof (m)	vöxtur (m)	tilfærsla (m)
27	-170	238	138
26	-155	210	126
25	-150	190	132

Snið	25	26	27
1904-1928	5,7	2,3	-5,5
1928-1932	-25,1	-19,6	-16,7
1932-1934	52,7	41,1	44,6
1934-1950	-84,7	-56,2	-47,3
1950-1980	24,4	19,8	24,5
1980-1995	10,5	-34,9	-59,5
1995-1997	40,5	42,8	67,4
1997-2003	56,2	82,9	70,5
2003-2009	-2,2	-37,7	-40,6
2009-2014	-30,3	-6,4	18,2
2014-2017	-7,6	21,2	12,7



Mynd 14. Kortið sýnir staðsetningu sniða 25 til 27 á svæði 2. Norðan við sniðin má sjá hluta af ós Eldvatnsins og fyrir sunnan má sjá hvar Höfðakvíslin nær til sjávar.

Snið 54, ásamt sniðum 53 og 55 (mynd 12), var valið vegna þess að sniðið hefur orðið fyrir minnsta rofi allra sniða á svæði 2, eða 79 metrar síðan 1904 (tafla 29). Snið 53 og 55 hafa einnig orðið fyrir mjög litlu rofi. Ókostirnir við þessi þrjú snið eru þeir að öll þrjú sniðin hafa gengið mikið fram og með háa tilfærslu fyrir tímabilið, eða vel yfir tvö hundruð metra (tafla 30). Þá er staðsetning sniðs 54 ekki jafn góð og fyrir snið 45 og 26 þar sem sniðið er mun nær ósasvæðis Skaftár og er á mörkunum á því að vera innan áhrifasvæði þess.

Tafla 29 og 30. Töflurnar sýna rof, vöxt og tilfærslu sniða (tafla til vinstri) ásamt breytingum milli ára á strandlínunni í metrum við sniðin (tafla til hægri).

snið	rof (m)	vöxtur (m)	tilfærsla (m)
55	-81	325	244
54	-79	313	242
53	-100	324	240

Snið	53	54	55
1904-1928	-16,6	-5,2	-0,6
1928-1932	128,9	116,5	108,8
1932-1934	-66,8	-70,3	-80,8
1934-1950	26,1	48,8	54,2
1950-1980	13,4	2,9	8,9
1980-1995	19,3	19,3	9,0
1995-1997	28,9	25,1	34,8
1997-2003	20,4	26,1	40,9
2003-2009	70,2	55,7	40,7
2009-2014	-16,9	18,4	26,4
2014-2017	16,9	-3,2	1,4

